

**80. fundur skráningarráðs** haldinn 1. september 2014, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9:00-11:00

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis (fundarritari) og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Ragna Steinarsdóttir, sviðsstjóri aðfanga og skráningar á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni.

Fundargerð 79. fundar var yfirfarin og samþykkt.

## Fundarefni:

### 1. Innleiðingaráætlun RDA

#### Þýðingar

- ✓ HG hitti Sigrúnu Helgadóttur, verkefnisstjóra á orðfræðasviði Stofnunar Árna Magnússonar, á vinnustað hennar á Neshaga 16 þann 27. ágúst 2014. Erindið var að fræðast um hyggilegt verklag við íðorðasmið og þýðingar á fræðilegum texta og hugtökum.
  - Til skoðunar var kaflinn Glossary á PDF sniði. Til glöggvunar á vinnuumhverfi skrásetjara voru einnig skoðaðir vefirnir  
<http://www.rdatoolkit.org/>  
<http://hask.landsbokasafn.is/>
- ✓ SH benti á eftirfarandi atriði:
  - ✓ Snið skjals skiptir miklu máli þegar fengist er við þýðingar af þessum toga. Ástæðan er sú að mikilvægt er að geta flutt afraksturinn milli sniða (ekki hægt með Word)
    - Excel
    - Access
    - Einhvers konar gagnagrunnssnið
  - ✓ Beinast liggur við að leita til upplýsingatækniþóps Lbs-Hbs (Kristinn) til að koma skjalinu á heppilegt snið
  - ✓ Hyggilegt að byrja þýðingar á því auðveldasta
  - ✓ Fá sérfræðiaðstoð við það sem út af stendur
  - ✓ Á vefnum *Málföng fyrir íslensku*, malfong.is eða e.t.v *Orðabanka Íslenskrar málstöðvar* er hægt að komast í tól sem inniheldur orð úr mörgum orðasöfnum og snarar í keyrslu yfir á íslensku þeim orðum sem þar finnast. (Þetta er mjög ónákvæm lýsing á tólinu og hvernig það virkar!)
  - ✓ Sérfræðingar á fræðasviðinu (þýðingarhópur RDA) verða alltaf að eiga síðasta orðið

Áskrift að RDA-Toolkit <http://www.rdatoolkit.org/>

- ✓ Ljóst er að samningar um áskrift á landsvísu, þ.e. fyrir alla skrásetjara Gegnis, verða á vegum Landskerfis bókasafna og Landsbókasafns
  - Ekki er ljóst hvenær aðgangur á landsvísu þarf að vera fyrir hendi, þó eigi síðar en á þjálfunartímabili almennra skrásetjara
- ✓ Í upphafi innleiðingar / þjálfunartímabils er hugsanlegt að hver og einn skrái sig í 30 daga gjaldfrjálsa prufuáskrift fyrir einn samtíma notanda eða að samið verði um „Training and Classroom Access“ sem er á 50% afslætti

RDA og RDA-Toolkit sérfræðiaðstoð

- ✓ Stefnt er að því að hafa samband við British Library (Alan Danskin) til að falast eftir ráðgjöf / leiðsögn (Ragna). T.d. varðandi:
  - RDA-Tolkit, leiðsögn um vefinn
  - RDA – AACR2, helstu breytingar
  - Lærdóma sem draga má af reynslu BL af innleiðingu
  - Aleph og Primo, hvar kallar RDA á breytt vinnulag?
  - Möguleika á að senda skrásetjara til BL til að fylgjast með vinnulagi skrásetjara þar

Drög að innleiðingarskjali

- ✓ Stefnt er að því að fyrir næsta fund verði búið að leggja grunn að innleiðingarskjali / tímaplani sem hægt verði að vinna áfram (ÞS og HG)

Næsti fundur um sama efni hefur verið boðaður  
miðvikudaginn 3. september 2014 kl. 9:00